

Fundargerð 330. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, mánudaginn 28. júní kl. 17:45 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Hótel KEA á Akureyri.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur M. Kristinsson, Már Sveinbjörnsson, Björn Magnússon, Guðmundur Kristjánsson í forföllum Bjargar Ágústsdóttur, Skúli Þórðarson og Helga Jónsdóttir.

Auk þeirra sat fundinn Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Áður en fundurinn hófst fóru stjórnarmenn í ferð til Grímseyjar, hittu þar heimamenn og skoðuðu hafnamannvirki og náttúru eyjarinnar undir dyggri og skeleggri leiðsögn Gylfa Gunnarssonar útgerðarmanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 329. fundar - 1001001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 329. fundar sem haldinn var 21. maí sl.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Breytingar á hafnalögum - aflagjald o.fl. - 1004001HA

Lögð fram breyting á hafnalögum, sem Alþingi samþykkti fyrr í mánuðinum ásamt nefndaráliti samgöngunefndar.

Samþykkt var að fela starfsmanni hafnasambandsins að fella breytingarnar inn í hafnalögin og senda þau þannig breytt til aðildarhafnanna ásamt nefndaráliti samgöngunefndar Alþingis.

3. Mat á hagkvæmni strandflutninga á Íslandi - 1006001HA

Lögð fram skýrsla um hagkvæmni strandsiglinga, dags. 25. maí 2010, þar sem dregnar eru saman upplýsingar um rekstur og afkomu strandsiglingaþjónustu milli Reykjavíkur og nokkurra hafna innanlands. Niðurstaða skýrslunnar er að strandsiglingar séu álitlegur kostur miðað við forsendur hennar, nægjanlegt flutningamagn virðist vera til staðar, talsverður áhugi er fyrir hendi meðal flutningskaupenda og hægt er að bjóða flutningsgjöld sem eru samkeppnishæf við landflutninga.

Formaður greindi frá því að nokkrir fulltrúar hafnanna hafi átt fund með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og höfundum skýrslunnar þar sem nánari grein var gerð fyrir henni.

Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar skýrslu nefndar sem falið var að leggja mat á hagkvæmni strandflutninga á Íslandi. Hafnasambandið hefur um árábil ályktað um hagkvæmni og mikilvægi strandsiglinga og m.a. látið vinna skýrslu um efnið. Það er skoðun stjórnar hafnasambandsins að strandsiglingar með ákveðna vöruflökka sé ótvírætt hagkvæmur flutningsmáti og án vafa þjóðhagslega arðbær.

Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hagsmunaaðila og hafnir landsins til þess að leggja því lið að strandsiglingar verði hafnar að nýju á Íslandi.

4. Hafnasambandsþing 2010 - 0904010HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnasambandsþings 2010 sem GG og BM gerðu nánari grein fyrir.

Stjórnin samþykkir framlögð drög að dagskrá og umgjörð hafnasambandsþings á Snæfellsnesi 23. og 24. september nk. og felur starfsmanni hafnasambandsins að vinna að undirbúningi þingsins á grundvelli hennar.

Fundi var slitið kl. 18:50

Gísli Gíslason

Ólafur M. Kristinsson

Már Sveinbjörnsson

Björn Magnússon

Guðmundur Kristjánsson

Skúli Þórðarson

Helga Jónsdóttir

ritari